

Stefna Kaldalóns hf.

Í aðgerðum gegna peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

1 Almennt

- 1.1 Kaldalón hf., kt. 490617-1320 (hér eftir „félagið“) er fasteignafélag og er þar með tilkynningarskyldur aðili í skilningi laga nr. 140/2018 og tengdum stjórnvaldsfyrirmælum og er skylt að gera ráðstafanir í þeim tilgangi að styrkja varnir félagsins gegn peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.
- 1.2 Það er skýr stefna félagsins að vinna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og koma í veg fyrir að starfsemi félagsins sé misnotuð í slíkum tilgangi. Á grundvelli stefnu þessarar hefur félagið framkvæmt áhættumat á starfsemi sinni, sett sér ítarlegar innri reglur ásamt verkferlum sem fylgja skal í hvívetna í aðgerðum félagsins. Nánari útfærsla á stefnu þessari er að finna í fyrrgreindum skjölum.
- 1.3 Stefna þessi gildir um alla starfsmenn félagsins, þ.m.t. stjórn og framkvæmdastjóra, eftir því sem við á.

2 Markmið

- 2.1 Það er markmið félagsins að koma í veg fyrir að félagið sé notað til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka sem og að varnir þess séu ávallt sterkar. Mikil áhersla er lögð á að farið sé eftir lögum nr. 140/2018 og tengdum stjórnvaldsfyrirmælum í rekstri félagsins.
- 2.2 Það er eindregið markmið félagsins að halda áhættu vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka í lágmarki og greina áhættu á slíkri starfsemi.

3 Aðgerðir félagsins

- 3.1 Til að ná markmiðum sínum hefur félagið framkvæmt áhættumat á rekstri sínum, sett sér innri reglur og sérstaka verkferla. Þá hefur ábyrgðarmaður með peningaþvætti verið skipaður hjá félaginu.
- 3.2 Félagið leggur mikla áherslu á að starfsmenn þess þekki viðskiptamenn sína og starfsemi þeirra. Í því skyni skal framkvæmd viðeigandi áreiðanleikakönnun á viðskiptamönnum í upphafi samningssamband og að viðhaft er virkt og áhættumiðað eftirlit með viðskiptavinum og viðskiptum þeirra.
- 3.3 Lögbærum yfirvöldum er án tafar tilkynnt um grun og eða vitneskju um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.
- 3.4 Félagið viðhefur reglulega fræðslu fyrir starfsmenn um gildandi lög og reglur.

4 Ábyrgð

- 4.1 Félagið hefur tilnefnt ábyrgðarmann sem ber ábyrgð á aðgerðum félagsins gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Ábyrgðarmaður ber ábyrgð á framkvæmd aðgerða félagsins skv. lögum nr. 140/2018 og samsvarandi innri reglum.

5 Endurskoðun og eftirlit

- 5.1 Stefna þessi skal endurskoðuð að lágmarki árlega.
- 5.2 Stefna þessi, sem og áhættumat og innri reglur, sæta eftirliti ábyrgðarmanns með peningabvætti og innri endurskoðanda. Ábyrgðarmaður skal reglulega fá utanaðkomandi sérfræðinga til að framkvæma úttekt á og athuga eftirfylgni með innri stefnu, eftirliti og málsmeðferð, sbr. b. liður 5. mgr. laga nr. 140/2018.

Svo samþykkt á stjórnarfundum félagsins þann 29. febrúar 2024